

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Fossaleynir 1.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 27. janúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota (íþróttasvæði) sem afmarkast af Fossaleyni til suðurs, Víkurvegi til vesturs og göngustíg til norðurs breytist í svæði með blandaðri landnotkun miðsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. janúar 2006.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*